

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 135/2001**

**frá 23. nóvember 2001**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2001 frá 28. september 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/57/EB frá 22. september 2000 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarleifa í og á annars vegar ávöxtum og matjurtum og hins vegar tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/58/EB frá 22. september 2000 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarleifa í og á annars vegar kornvörum og matvælum úr dýraríkinu og hins vegar tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0057:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/57/EB frá 22. september 2000 (Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 76).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 322, 6.12. 2001, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 20.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 76.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 78.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0058:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/58/EB frá 22. september 2000 (Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 78).“

3. gr.

Texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 2000/57/EB og 2000/58/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. nóvember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*E. Bull*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*